

Alþingi
Máli nr. P 128/09
komudagur 15.11.2002



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 11. nóvember 2002.


**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til verndar
rjúpnastofninum (128 lp. 2002-2003, þskj 11 -11. mál).**


Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) hefur kynnt sér ofangreinda tillögu til þingsályktunar og sendir hér athugasemdir sínar.

Ljóst er að örðugt er fyrir umhverfisráðherra að grípa til frekari aðgerða til verndar rjúpnastofninum haustið 2002 þar sem veiði hefur þegar hafist.

FÍN fellst á þær hugmyndir sem fram koma í þingsályktunartillögunni að auka þurfi rannsóknir á viðgangi rjúpnastofnsins og kanna hvort aukin friðun skilar sýnilegum árangri. Mikilvægt er að rannsaka samspil rjúpu og fálka annars vegar og rjúpu og refs hins vegar sem lífsafkoma fálkans er háð rjúpunni og því hefur verið haldið fram að fækkun rjúpunnar kunni að einhverju leyti að vera tengd meintri fjölgun á ref. Félagið treystir sér ekki á grunni fyrirliggjandi þekkingar að leggja mat á hvers konar friðunaraðgerðir séu vænlegastar til að skila árangri; s.s. sölubann, lokun einstakra svæða, stytting veiðitímabils eða veiðibann, en styður að skoðað verði strax hvort grípa þurfi til einhverra slíkra aðgerða haustið 2003.

Fyrir hönd Félags íslenskra náttúrufræðinga


Þorsteinn Sigurðsson
varaformaður stjórnar FÍN


Sigurður Ásbjörnsson
Varaformaður umhverfisnefndar FÍN

Afrit: Félag íslenskra náttúrufræðinga.